

# Dreifibréf BSRB

Nr. 1 - 1. árg.

Október 2006

## Dreifibréf

Hér getur að líta fyrsta eintakið af Dreifibréfi BSRB. Ætlunin er að senda það út mánaðarlega til stjórnarmanna aðildarfélaganna og starfsmanna þeirra. Í póstinum verður sérstök áhersla lögð á hagfræðileg málefni ýmiss konar. Þá verður greint frá helstu verkefnum BSRB á hverjum tíma, birtir litlir fréttamolar um ýmis málefni auk almennrar umfjöllunar um aðskiljanlega þætti tengda starfsemi bandalagsins.

## Verðbólgan


Frá árslokum 2004 hefur verðbólga aukist verulega og stendur hún nú í 7,2% ef litið er yfir tólf mánaða tímabil. Margir hafa spáð því að toppnum hafi verið náð í lok ágúst þegar verðbólga síðustu tólf mánaða var 8,6% en síðan þá hefur dregið úr henni.

Ýmsar ástæður eru fyrir aukinni verðbólgu frá árinu 2004. Þær helstu eru stórðíðjuframkvæmdir, aukin einkaneysla, hækkandi húsnæðisverð og almenn þensla í þjóðfélaginu. Í kjölfar stóriðjuframkvæmdanna var ljóst að þensla í þjóðfélaginu myndi aukast verulega með aukinni framleiðsluspennu og skort á vinnuafli. Til að draga úr framleiðsluspennunni byrjaði Seðlabankinn að hækka stýrivexti og hið opinbera að draga saman útgjöld. Hin mikla aukning sem varð í einkaneyslu kom hins vegar flestum á óvart en skýringanna má að stórum hluta rekja til auðveldara aðgengis að lánsfjármagni, betri vaxtakjörum og svonefndum „auðsáhrifum“ í kjölfar hækkandi húsnæðisverðs.

Verðbólga hefur umtalsverð bein áhrif á kjör launafólks, fyrir utan þá fjölmörgu kostnaðarþætti sem hún hefur í för með sér sem draga úr skilvirkni og hagvexti í þjóðfélaginu.

Einstaklingar sem eru með verðtryggð lán munu sjá höfuðstól lána sinna hækka verulega ef verðbólga er mikil og þar af leiðandi afborganir þeirra. Verðtryggð lán, eins og húsnæðislán, eru venjulega veitt til lengri tíma.

Til skýringar er hér tekið dæmi um húsnæðislán til 40 ára með föstum 5% vöxtum m.v. mismunandi verðbólguforsendur. Ef verðbólga er stöðug 2,5% yfir tímabilið fylgir höfuðstóll lánsins dökkrauða ferilinum (v.ás) og afborganir þeim græna (h.ás). Sýnd er breyting við hækkun verðbólgu í 8% á fjórtánda og fimmtánda afborgunarári, sem fer síðan aftur niður í 2,5%.



Breytinguna má sjá á myndinni á appelsínugula og bláa ferlinum. Þrátt fyrir að verðbólga hjaðni og verði sú sama og fyrir tveggja ára hækkunartímabilið hafa afborganirnar hækkað varanlega út allan lánstímann.

Líklegt er að launatekjur hækki að jafnaði í takt við hækkandi verðbólgu ef litið er yfir margra ára tímabil. Hlutfallsleg greiðslubyrði ætti því að haldast jöfn yfir lengra tímabil ef verðbólga er tiltölulega stöðug. Ef verðbólga er hins vegar óstöðug, eins og á afborgunarári 14 og 15 hér að ofan, getur það haft verulega slæm áhrif á kjör launamanna til skamms tíma þar sem laun eru í flestum tilfellum tregbreytileg. Þar sem venjulega er samið um laun til nokkura ára í senn getur reynst erfitt að knýja fram launahækkanir í takt við aukna verðbólgu. Aukning verðbólgunnar getur því skert kaupmátt verulega til skemmri tíma litið þar sem laun fylgja ekki verðbólgunni. Þannig étur verðbólgan upp umsamdar launahækkanir og dregur úr kaupmætti.

Verðbólga hefur einnig bein áhrif á launafólk í gegnum skattkerfið. Þar sem tekjuskattur er greiddur af nafnlaunum mun skatturinn hækka í takt við hækkandi nafnlaun og verða hlutfallslega hærri en áður svo framarlega sem persónuafsláttur eða tekjuskattsprósenta breytist ekki til samræmis við verðbólgu.

Dæmi um þetta er einstaklingur sem hefur 200.000 kr. í raunlaunatekjur fyrir skatta. Eftir að greiddur hefur verið 36,72% tekjuskattur og dregin hefur verið frá 29.029 kr. persónuafsláttur stendur launamaðurinn eftir með 155.589 kr. í ráðstöfunartekjur og getur keypt vörur og þjónustu fyrir þá upphæð. Ef verðbólga eykst og verður 10% yfir árið og laun hans hækka samfara aukinni verðbólgu fær sami aðili um 220.000 kr. í rauntekjur fyrir skatta. Eftir að greiddur hefur verið 36,72% tekjuskattur og frádrægin 29.029 kr. persónuafsláttur stendur launamaðurinn eftir með 168.245 kr. Vörur sem kostuðu ári áður 155.589 kr. hafa nú hækkað vegna verðbólgunnar um 10% og kosta 171.148 kr. Þrátt fyrir að launatekjur hafi hækkað til jafns við verðbólguna hafa vörurnar einnig hækkað og raunlaun því lækkað, þ.e.a.s. launatekjurnar duga ekki til að kaupa sömu vörur nú og ári áður. Ástæða þessa er að persónuafsláttur hefur ekki hækkað til samræmis við verðbólgu.

Óbein áhrif verðbólgunnar vegna hækkandi vaxta eru einnig til staðar. Til að slá á þenslu og draga úr verðbólgu hækkar Seðlabankinn stýrivexti. Stýrivextir Seðlabankans hafa áhrif á aðra vexti og þá aðallega á vexti skammtímalána. Staða einstaklinga með há skammtímalán, s.s. yfirdráttarlán, versnar verulega í kjölfar hækkandi vaxta.

## Fjárlagafrumvarp 2007

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2007 var lagt fram á Alþingi við upphaf þings eins og kveðið er á um í 42. gr. stjórnarskrárinnar. Í frumvarpinu eru teknir saman helstu tekju- og útgjaldaþættir ríkissjóðs síðustu ára ásamt stefnumörkun í ríkisfjármálum til næstu ára. Þá er farið yfir helstu forsendur frumvarpsins varðandi þjóðhagsstærðir.

Tekjur og gjöld ríkissjóðs fyrir árið 2006 þróuðust með nokkrum öðrum hætti en gert var ráð fyrir í frumvarpi fyrir árið 2006. Nú er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs fyrir árið 2006 verði um 40 ma. kr. hærrí en spáð var, þ.e. 375 ma. kr. í stað 334,6 ma. kr. Þá er áætlað að heildarútgjöld verði um 326 ma. kr. í stað 315 ma. kr. Áætlaður tekjuafgangur ársins er því um 49 ma. kr og er ætlunin að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 23 ma. kr. á árinu. Eftir niðurgreiðslu skulda verður hrein skuldastaða ríkissjóðs um 1,5% af VLF og hefur skuldastaðan lækkað verulega frá síðustu árum.

Helsta skýring á hærri tekjum ríkissjóðs er vegna meiri umsvifa í hagkerfinu en áður var gert ráð fyrir. Aukin útgjöld skýrast af launahækkunum, verðlags- og gengisbreytingum, samkomulagi við eldri borgara, brottför bandaríska herliðsins og afskriftum skatttekna, svo eitthvað sé nefnt.

Í frumvarpinu fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs dragist nokkuð saman að raunvirði frá fyrra ári og verði um 373,4 ma. kr., en heildarútgjöld hækki hins vegar um 31,8 ma. kr. og verði um 357,8 ma. kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs verður því um 1,3%. Gert er ráð fyrir minni umsvifum í þjóðfélaginu og lækkanði tekjum ríkissjóðs. Reiknað er með um 1,8% samdrætti í einkaneyslu á árinu en um 1% hagvexti yfir árið. Þá hefur verið ákveðið að lækka tekjuskattshlutfallið á árinu um 1% og hækka jafnframt persónuafslátt. Munu þessar aðgerðir leiða til þess að skattleysismörk munu hækka um tæp 14%.

Í langtímaáætlun fjármálaráðuneytisins frá árinu 2006 var gert ráð fyrir nokkuð meiri útgjaldaaukningu á árinu 2007 en gert er ráð fyrir í núverandi frumvarpi. Ástæðuna fyrir lækkanði útgjöldum frá langtímaáætluninni má að hluta rekja til frestun ýmissa framkvæmda til ársins 2008. Nú er gert ráð fyrir að framkvæmdir verði auknar í hægari skrefum en áður var áætlað til að stemma stigu við verðbólgu og ójafnvægi í þjóðarbúskapnum. Reiknað er með að meðalverðbólga yfir árið 2007 verði í kringum 4,5% sem er töluvert yfir verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands.

Nokkur mismunur er á spá ráðuneytisins og viðskiptabankanna varðandi helstu þjóðhagsstærðir. Ráðuneytið reiknar t.d. með mun minni samdrætti í einkaneyslu á næsta ári en viðskiptabankarnir. Þá gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir að verðbólgu markmiði Seðlabankans verði náð í lok árs 2007 og að viðskiptahalli verði um 10,7% af VLF. Flestir bankar reikna með að viðsnúningur viðskiptahalls verði hins vegar nokkuð hraðari.

### Helstu þjóðhagsstærðir

Magnbreyting	Fjármálaráðuneyti		KB-Banki		Landsbanki Ísl.		Glitnir Banki	
	2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007
Einkaneysla	4,0	-1,8	4,7	-4,5	6,1	-4,3	6,4	-3,5
Samneysla	2,7	2,1	3,0	2,5			3,0	3,1
Fjármunamyndun	8,3	-21,6	11,4	-19,6	8,0	-23,3	6,7	-22,0
Viðskiptajöfnuður	-18,7	-10,7	-17,9	-8,6	-17,7	-7,9	-16,8	-6,8
Atvinnuleysi	1,3	2,1			1,7	2,3	1,6	2,5
Verðbólga	7,3	4,5	6,9	5,4	7,6	3,2	7,1	5,6
VLF	4,2	1,1	3,5	-0,2	3,2	1,3	4,2	0,3

### Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði

Fyrr á árinu var skipaður starfshópur fulltrúa stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins sem hefur það hlutverk að fara yfir málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. BSRB á fulltrúa í starfshópnum. Markmiðið er að fara yfir stöðu útlendinga sem starfa hér á landi, þar á meðal þeirra sem starfa á grundvelli þjónusturéttarins samkvæmt EES-samningnum.

Mikilvægt er að reglum og samskiptahefðum sem mótast hafa á íslenskum vinnumarkaði verði ekki raskað. Helstu atriði sem starfshópurinn er að skoða eru:

- Hvort ástæða sé til að styrkja vinnumarkaðskerfið sem fyrir er til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.
- Er ástæða til að setja ítarlegri reglur um tilkynningarskyldu þjónustuveitenda sem koma með starfsmenn hingað til lands.
- Hvernig má bæta framkvæmd mála innan stjórnkerfisins.
- Hvaða leiðir eru færar til að efla upplýsingagjöf og aðstoð við erlent launafólk sem hér starfar.

Starfshópnun er ætlað að skila félagsmálaráðherra álitinu sínu og niðurstöðum fyrir 1. nóvember 2006.

### **Tilskipun Evrópusambandsins um jafna stöðu til atvinnu og starfa**

Í lok árs 2000 var á vettvangi Evrópusambandsins staðfest tilskipun um jafna stöðu til atvinnu og starfa (2000/78/EC) sem ætlað er að koma í veg fyrir að einstaklingum á vinnumarkaði sé mismunað vegna trúarbragða, skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar.

Tilskipun þessi var ekki tekin upp sem hluti af EES-samningnum en íslensk stjórnvöld gáfum yfirlýsingu um að endurspegla þessa gerð á íslenskum vinnumarkaði. Í júní 2006 var skipaður starfshópur sem hefur það hlutverk að fjalla um efni tilskipana Evrópusambandsins um bann við mismunun með hliðsjón af aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði. Hlutverk starfshópsins er að leggja fram tillögur til ráðherra um hvernig endurspegla megi efni gerða ESB í reglum er gilda á íslenskum vinnumarkaði. BSRB á fulltrúa í þessum starfshópi.

### **Þing BSRB**

Undirbúningur fyrir 41. þing BSRB, sem haldið verður dagana 25.-27. október á Grand Hóteli, gengur samkvæmt áætlun. Þinggögn hafa verið send til þingfulltrúa.